


Hann hafði aukið alin við hæð séra Friðriks með vinsældahrósinu um hann í þeirri sömu grein. Töluð orð verða ekki aftur tekin. Það vissi ritstj. Breiðabliks. En nú þarf aftur að jafna „stærðir“ og reka Baldwin svo sem þverhandarbreidd ofan í jörðina.

Fyrir áhorfendum lítur þetta ekki ósvipað út og húmbúg. Hvað er verið að leika og hvað á þetta alt að tákna? Svo er séra Jón sleiktur eins og Lazarus eftir að búið er að sneypa hann og snupra af sama manni fyrir ósæmilegt orðbragð—taka svolítið ofan af *hans* „stærð“.

En alt þetta hefir sína þýðingu hér—fyrir félagslífið. Og minna en þetta, en allur þessi „Mysteriu“-leikur. Auk heldur gleraugu og gönguprík geta miklu til vegar komið að efla velmegun þjóðarinnar og frelsun þess glataða.



Ljósið og mælikerið.

Langt er síðan meistarinn sagði: „Menn kveikja ekki ljós til að setja það undir mæliker“. Sú hugsun felst í þessum orðum, að ef svo er myrkt að lýsing þyrfti með, þá sé þýðingarlítið verk að kveikja og fela svo alla birtu sem af ljósinu getur lagt, þegar myrkt er, þá er ekki nóg að bregða upp ljósi, að kveikja ljós, ef ljósið fær ekkert að lýsa. ef yfir það er strax hvolft mælikeri. Menn eru þá eins í myrkri eftir sem áður. Á vissan hátt er þessu þó ekki hlýtt sem skyldi. Er það vegna þess að fleiri eru ljósin en rétt þau, sem eru í kertastikunni, og fleira er myrkur en náttmyrkur?

Maðurinn er sagður vera skynsemisgædd vera. Og undantekningar lítið er það víst rétt. En svo er það ýmislegt í siðum og trú manna er banna alla notkun skynseminnar. Það er hvolft kerí yfir ljósið.

Eitt sinn sögðu menn: Yfir páfanum eru kyrkjuþingin al-